



Sigrún Helgadóttir
Brautryðjandi í verkfræði
Viðurkenning Kvennanefndar VFÍ
2013

Sigrún Helgadóttir er fædd í Tröðum í Hraunhreppi í Mýrarsýslu árið 1937. Hún er elst fjögurra systra og var því snemma látin reyna sig við ýmis verk sem féllu yfirleitt í hlut drengja. Stúlkur áttu ekki greiða leið að langskólanámi á uppvaxtarárum Sigrúnar – allra síst stúlkur úr sveitum landsins. Þær urðu flestar að láta sér nægja að sækja farskóla sem stóð aðeins í nokkrar vikur á vetri. Skólagangan hófst við tíu ára aldur og lauk fjórum árum síðar. Um fermingu hafði Sigrún aðeins verið fáeinar vikur í skóla og sá ekki fram á fleiri. Heimasætan á Tröðum var hins vegar staðráðin í að sækja sér framhaldsmenntun. Sigrúnu tókst með harðfygli og baráttu að tryggja sér skólavist í Menntaskólanum á Laugarvatni á 19. aldursári. Eftir það lét sveitastelpan af Mýrunum ekkert stöðva framrás sína á veginum til mennta.

Nýstúdentinn Sigrún hóf nám við Verkfræðideild Háskóla Íslands haustið 1960. Hún var fyrsta konan sem hóf nám í verkfræði hér á landi en deildin tók til starfa árið 1940. Sláandi mismunur var á aðstæðum kynjanna til háskólamenntunar á námsárum Sigrúnar. Mikill meirihluti kvenstúdenta á Íslandi flosnaði upp úr námi. Það voru því merk tímamót í sögu deildarinnar og háskólans þegar Sigrún lauk fyrrihlutaprófi í verkfræði á vormánuðum 1963. Hún hélt utan strax um haustið til að ljúka námi í byggingarverkfræði á burðarþolssviði við Danmarks Tekniske Højskole (DTH). Sigrún brautskráðist frá skólanum í ársbyrjun 1966 og varð þar með fyrst íslenskra kvenna til að bera titil byggingarverkfræðings. Strax að námi loknu var hún ráðin til starfa í Danmörku hjá verktakafyrirtækinu Monberg & Thorsen. Sigrún vann hjá því fyrirtæki allt þar til hún lét af störfum í nóvembermánuði 2003. Fjölbreytt verkefni féllu í hlut Sigrúnar á starfsferlinum bæði hönnun og smíði nýrra mannvirkja auk eftirlits og viðhaldsverkefna. Hún vann meðal annars við brúna yfir Litlabelti, sundhöll í Gentofte, verksmiðjubyggingar og gerð vinnuteikninga fyrir olíuborpalla í Norðursjó þar sem sérsvið hennar var þolhönnun stáls.

Kvennanefnd Verkfræðingafélags Íslands hefur ákveðið að heiðra Sigrúnu Helgadóttur. Hún er merkur brautryðjandi í sögu verkfræðinga, kvenna og Háskóla Íslands.